
Gleðilega hátíð

## Umhyggja

*Að sinna þeim er minna mega sín*
*að móta lífið eins og best má vera.*
*Að víkka hug og efla þeirra sýn*
*sem allir hafa fjölmargt til að bera.*
*Að trúa á það er best í manni býr*
*að byggja upp -þá opnast heimur nýr.*

*Dagur St. Ásgeirsson*

*Gleðilega hátíð og farsælt komandi ár*
*með þökk fyrir það liðna.*

Umhyggja
–félag langveikra barna

**Umhyggja – félag langveikra barna vinnur að bættum hag langveikra barna og fjölskyldna þeirra.**

*Í félaginu starfa aðstandendur og fagfólk auk þess sem 16 foreldrafélög langveikra barna eiga aðild að félaginu.*

*Hjá Umhyggju geta fjölskyldur langveikra barna fengið margskonar stuðning og ráðgjöf. Félagið veitir foreldrum langveikra barna gjaldfrjáls sálfræðiviðtöl, býður upp á lögfræðiráðgjöf, niðurgreiðir námskeið fyrir langveik börn og systkini þeirra auk þess að taka þátt í réttindabaráttu hópsins.*

*Í orlofshúsum Umhyggju í Brekkuskógi og Vaðlaborgum geta fjölskyldur langveikra barna notið dvalar bæði sumur og vetur og eru húsin útbúin sjúkrarúmi, lyftara og aðgengileg hjólastólum.*

*Í íbúð félagsins í Reykjavík, Pálínuhúsi, geta fjölskyldur utan af landi dvalið þegar sækja þarf læknisþjónustu í höfuðborginni.*

*Styrktarsjóður Umhyggju styður jafnframt fjárhagslega við fjölskyldur langveikra barna.*

*Umhyggja reiðir sig alfarið á stuðning og styrki frá fyrirtækjum og fólkinu í landinu.*

***www.umhyggja.is***

STYRKTAR- OG LÍKNARSJÓÐUR
ODDFELLOWA

*Ljósmynd Mosfellskirkja í Grímsnesi: Ari Sigurfinnsson. Jólakort StLO, allur ágóði rennur til Umhyggju.*